



# HNOTSKURN 04

## Vátryggingar



# Vátryggingar

Efnisyfirlit

Vátryggingamarkaður í hnotskurn.....	5
Hvað eru vátryggingar?.....	7
Vátryggingatakar & vátryggingafélög .....	8
Af áhættu og iðgjöldum .....	9
Að tryggja Hollywood-bros .....	10
Staða neytenda á íslenskum tryggingamarkaði .....	11
Freistnivandi, vátryggingasvik og hrakval .....	12
Tjónagrunnur vátryggingafélaganna.....	12
Hver tryggir vátryggingafélögin?.....	13
Hvað er hægt að tryggja? .....	14
Íslenski vátryggingamarkaðurinn .....	15
Þróun vátryggingagreina 2009 til 2018 .....	16
VIÐAUKI.....	20

---

Reykjavík 2019.

Útgefandi: Samtök fjármálafyrirtækja.

Ábyrgðarmaður: Katrín Júlíusdóttir.



## VÁTRYGGINGAMARKAÐUR Í HNOTSKURN

- Skilvirkur váttryggingamarkaður, sem einkennist af samkeppni og fjölbreyttu vöru- og þjónustuúrvali, er ein af forsendum þróaðs efnahagslífs.
- Váttryggingastarfsemi snýst því um að dreifa fyrirfram skilgreindri áhættu á því að tjón eigi sér stað. Váttryggingar gera mönnum kleift að takmarka áhættuna á því að verða fyrir fjárhagslegu tjóni.
- Váttryggingar eru eitt form fjárhagslegrar áhættudreifingar. Um er að ræða áhættu, sem dreift er eftir tölfræðilögmálum og reynslu á tjónatíðni í hinum ýmsu váttryggingagreinum.
- Söguleg yfirsýn og gagnasöfnun gerir váttryggingafélögum kleift að nota tölfræðigreiningu til þess að reikna út iðgjöld. Þannig eru iðgjöldin ákvörðuð út frá útreikningi á líkindum á að tjón eigi sér stað.
- Lögmál stórra talna gerir að verkum að því fleiri sem tryggja sig, þeim mun nákvæmari verður útreikningur váttryggingafélagsins á áhættunni fyrir hvern váttryggingaflokk.





## Hvað eru váttryggingar?

Skilvirkur váttryggingamarkaður sem einkennist af samkeppni og fjölbreyttu vöruúrvali er ein af forsendum þróaðs efnahagslífs. Hann gerir einstaklingum og fyrirtækjum kleift að dreifa áhættu vegna tjóna og er á sama tíma mikilvæg uppspretta langtímafjármögnunar fyrir einkageirann og hið opinbera þar sem veigamikill þáttur af starfsemi váttryggingafélaga snýst um að ávaxta fjármuni félagsins.

Maðurinn hefur þurft að takast á við áhættu og skaða frá ómuna tíð. Þessi viðvarandi áhætta sem fylgir mannlegu samfélagi leiddi fólk snemma út á þá braut að verja sig gegn henni með því að dreifa henni á sem flesta. Tjón vegna hamfara, uppskerubrests og skipsskaða svo einhver dæmi séu tekin verða viðráðanlegri eftir því sem fleiri bera þau. Þetta er hinn raunverulegi kjarni váttryggingastarfsemi og eins og sögulegar heimildir sýna hefur hún fylgt mannlegu samfélagi frá örófi alda.

Váttryggingastarfsemi snýst því um að dreifa fyrirfram skilgreindri áhættu á því að tjón eigi sér stað. Váttryggingar gera mönnum kleift að takmarka áhættuna á því að lenda í fjárhagslegu tjóni. Tjón vegna húsbruna er flestum þungbært svo dæmi sé tekið. Húseigendum er almennt gert skylt að kaupa sér brunatryggingu gegn greiðslu iðgjalda til váttryggingafélaga. Áhættan af húsbruna dreifist meira eftir því sem fleiri tryggja hús sín og að sama skapi verða iðgjöldin lægri. Það er ákveðin forsenda þess að skilvirkur váttryggingamarkaður þrífist að váttryggingafélög geti boðið viðskiptavinum upp á nægilega hagstæð iðgjöld til að þeir sjái hag sínum borgið í að tryggja sig fyrir atburðum sem eru ólíklegir en að sama skapi líklegir til þess að valda meiriháttar tjóni ef af þeim



**Örn Arnarson,**  
sérfræðingur  
hjá SFF.



verður. Ekki eru allar tryggingar skylduþryggingar. Ákveðinn hluti ökutækjategygginga er lögboðinn en aftur á móti kjósa margir að kaupa sér svokallaða kaskó-tryggingu sem bætir tjón á eigin bifreið og aukahlutum ef til tjóns kemur. Sá sem kaupir slíka tryggingu hefur ákveðið val um hvaða áhættu hann ber og greiðir hana ef bíllinn skemmist og tryggingafélagið borgar það sem eftir stendur.

Vátryggingar eru í sífelldri þróun. Fyrsta vísi að vátryggingum eins og við þekkjum þær í dag má finna á miðöldum. Þá mynduðu eigendur kaupskipa með sér félög um að hver og einn þeirra myndi leggja sitt af mörkum til að bæta þeim sem urðu fyrir skipsskaða eða sjóráni upp tjónið. Grundvallarmunur er á slíkum félagsskap og nútíma vátryggingastarfsemi. Eigendur kaupskipanna gátu aldrei vitað fyrirfram hvaða áhættu þeir báru af því að eiga aðild að slíkum skipa- og farmtryggingafélögum þar sem áhættan var ekki áætluð fyrirfram með tryggingastærðfræðilegum útreikningum og verðlögð sem iðgjald.

Þróunin gegnum aldirnar hefur aftur á móti verið á þann veg að verðmeta áhættuna af vátryggingasamningum. Eigendur kaupskipa í dag tryggja skip sín og farma og greiða fyrir það iðgjöld sem renna til tryggingafélagsins, rétt eins og eigendur fasteigna og bifreiða gera slíkt hið sama. Þetta skipulag skapar ákveðinn grundvöll fyrir margvíslega efnahagsstarfsemi sem ekki gæti haldist við án þróaðra vátryggingamarkaða. Erfitt er að sjá fyrir sér framgang mikilvægra stöða á borð við flugrekstur án öflugs tryggingamarkaðar, svo eitthvert dæmi sé tekið, þar sem hann grundvallast á því að hægt sé að dreifa áhættunni af rekstrinum.

## Vátryggingatakar & vátryggingafélög

Vátryggingar eru eitt form fjárhagslegrar áhættudreifingar. Um er að ræða áhættu sem dreift er eftir lögmálum tölfræði og reynslu á tjónatíðni í hinum ýmsu vátryggingagreinum. Fáir komast í gegnum lífið án þess að verða fyrir einhvers konar tjóni. Einstaklingar geta átt á hættu að veikjast eða lenda í slysi, sem veldur þeim tekjutapi. Fyrirtæki eiga á hættu að lenda í því að framleiðsluvörur þeirra valdi neytendum tjóni. Einstaklingar, fyrirtæki og stofnanir eiga á hættu að verða fyrir tjóni vegna þess að eignir þeirra eyðileggjast í bruna eða þeim er stolið. Þannig mætti lengi telja.

Í vátryggingum felst í grófum dráttum að einn aðili (vátryggingartaki) semur við annan (vátryggjanda/ vátryggingafélag) um að hinn síðarnefndi lofi að greiða honum eða þriðja manni bætur ef tiltekin áhætta verður virk.

Sem dæmi um tilvik þar sem tiltekin áhætta verður virk má nefna þegar tjón verður á bifreið (húftrygging bifreiðar/kaskótrygging), maður slasast og hlýtur varanlega örorku af (slysatrygging og örorkuvernd), maður veikist af sjúkdómi og verður óvinnufær (sjúkratrygging/sjúkdómategygging), innbúi er stolið úr fasteign (fjölskyldu-, heimilis- eða innbústrygging) og þegar fasteign skemmist







í bruna (brunatrygging fasteigna). Í öllum þessum tilvikum hefur áhætta orðið virk í skilningi viðkomandi váttryggingar. Er þá líka stundum talað um að váttryggingaratburður hafi átt sér stað.

Eins og áður sagði þá er ekki alltaf váttryggingartakinn sjálfur (sá sem semur við váttryggingafélagið) sem fær greiddar bætur úr váttryggingu þegar áhætta verður virk. Sá aðili sem á rétt á bótunum er jafnan kallaður váttryggður. Oft eru váttryggingartaki og váttryggður sami aðilinn, svo sem þegar fólk tekur slysatryggingu fyrir sjálft sig og lendir síðar í slysi. Í því tilviki ætti váttryggingartakinn rétt á bótum vegna afleiðinga slyssins, þar sem hann er einnig váttryggður. Í öðrum tilvikum eru váttryggingartaki og váttryggður hins vegar ekki sami aðilinn. Það á t.d. við þegar fólk tekur líftryggingu vegna eigin lífs og tilnefnir annan aðila, t.d. maka sinn, sem viðtakanda bótanna. Í því tilviki er það í raun maki váttryggingartakans sem er váttryggður. Það sama á við þegar t.d. foreldrar taka fjölskyldutryggingu. Verði innanstokksmunum í eigu barna þeirra stolið af heimilinu kunna börnin að eiga rétt til bóta frá tryggingunum.

### Tryggið báta yðar

Þú Váttatrygginga Eyjafjarðar.  
Hagkvæmi kje en hjí nekkru öðru tryggingarfélagi. — Félag-  
svaðið nær yfir allar veðstjóðvar frá Siglufelli til Hásvælar.  
Uppfýngingur á skrifstofu Hágens í Strömgötu 33, Akur-  
eyri. Talaári 46.  
Fr. Váttatrygginga Eyjafjarðar.  
Jón Kristjánsson.

## Af áhættu og iðgjöldum

Söguleg yfirsýn og gagnasöfnun gerir váttryggingafélögum kleift að nota tölfræðigreiningu til þess að reikna út iðgjöld. Þannig eru iðgjöldin ákvörðuð út frá útreikningi á líkindum á að tjón eigi sér stað. Lögmál stórra talna gerir að verkum að því fleiri sem tryggja sig þeim mun nákvæmari verður útreikningur váttryggingafélagsins á áhættunni fyrir hvern váttryggingaflokk.

Þetta þýðir með öðrum orðum að hagkvæmur váttryggingamarkaður byggir að einhverju leyti á því að ákveðinn fjöldi einstaklinga eða fyrirtækja standi frammi fyrir sambærilegri áhættu. Þessa áhættu verður að vera hægt að staðla með einhverjum hætti. Slík stöðlun gerir tryggingafélögum kleift að bjóða tryggingar fyrir slíkri áhættu. Augljós dæmi um slíkar tryggingar eru ökutækjatryggingar, brunatryggingar, ferðatryggingar, farmtryggingar og líf- og slysatryggingar.





## Að tryggja Hollywood-bros

Þótt hagkvæmur váttryggingamarkaður hvíli á þeirri forsendu að ákveðinn fjöldi einstaklinga og fyrirtækja standi frammi fyrir sambærilegri áhættu sem hægt er að meta út frá tölfræði og þar af leiðandi leggja mat á hana og mögulegt fjárhagslegt tjón hennar vegna finnast undantekningar sem sanna regluna.

Þekktustu dæmin um þetta eru þegar stórstjórnur úr skemmtanaíðnaðinum og íþróttaheiminum tryggja ákveðna líkamsparta fyrir háar upphæðir. Slíkar tryggingar virka með þeim hætti að þegar óhapp verður á þeim líkamshluta sem tryggður er greiðir tryggingafélagið þeim tryggða fyrir fjárhagsskaðann sem af því stafar. Það er að segja ef óhappið fellur undir ákvæði váttryggingasamningsins.

Þar sem slíkar tryggingar eru yfirleitt dýru verði keyptar þá eru þær hvorki hagkvæmar né hentugar fyrir venjulegt fólk. En aftur á móti geta þær undir sumum kringumstæðum verið skynsamlegar fyrir fólk sem á alla sína tekjuöflun undir ákveðnum líkamspörtum eða öðrum sérstökum þáttum. Sem dæmi um þá sem hafa nýtt sér slíkar tryggingar má nefna að sagt er að Christiano Ronaldo hafi tryggt á sér fæturna fyrir 144 milljónir Bandaríkjadala. Fleiri dæmi eru um að knattspyrnukempur hafi keypt sér sambærilegar tryggingar. Leikarar treysta oft á útlit sitt þegar kemur að því að landa hlutverkum. Bandaríska leikkonan Julia Roberts reiðir sig greinilega á brosið en hún er sögð hafa tryggt á sér tanngarðinn fyrir um 30 milljónir dala. Tónlistarmenn reiða sig alla jafna á hendur og raddbönd: Keith Richards gítarleikari Rolling Stones tryggði á sér hendurnar fyrir tvær milljónir dala og rokkarinn Bruce Springsteen tryggði á sér raddböndin fyrir 6 milljónir dala. Þegar það kemur að þessu virðast litlar takmarkanir fyrir því gegn hverju er hægt að tryggja. Þannig tryggði bassaleikarinn Gene Simmons tungu sína fyrir háar fjárhæðir, en hún er eitt helsta vörumerki bandarísku rokkhljómsveitarinnar Kiss.



Iðgjöld og ákvæði váttryggingasamninga grundvallast á mati viðkomandi tryggingafélags á þeirri áhættu sem tryggt er fyrir. Þrátt fyrir að félögin reyni að staðla áhættuna þýðir það ekki að hver og einn váttryggingartaki borgi sömu iðgjöld. Ástæðan fyrir þessu er að hver einstaklingur eða lögaðili sem tryggir sig kann að bera sértæka áhættu umfram það sem að meðaltali finnst í hópi váttryggingataka einstakra tryggingaflokka.

Þannig kann að vera að tryggingafélag meti það sem svo að meiri áhætta fylgi því að tryggja eigendur timburhúsa en steinsteypuhúsa fyrir brunaáhættu. Að sama skapi kunna tryggingafélög að telja meiri líkur á að ungir ökumenn kunni að valda óhöppum í umferðinni en þeir sem eru reyndari við stýrið. Slíkt mat er byggt á greiningum á tölfræðigögnum og reiknilíkönnum sem váttryggingafélögin hafa byggt upp gegnum rekstrarsögu sína. Þó verður að hafa í huga að svigrúm váttryggingafélaga er ekki ótakmarkað þegar kemur forsendum slíkra útreikninga. Eitt dæmi um það er bann við mismunun í útreikningi iðgjalda á grundvelli kynferðis. Á undanförunum áratugum hafa konur alla jafna greitt lægri iðgjöld af ökutækjatrýggingum en karlmenn þar sem tölfræðin hefur sýnt fram á að þær lenda sjaldnar í tjónum í umferðinni en karlar. Þetta er ekki heimilt í dag í kjölfar þess að Evrópuþómstóllinn dæmdi slíka mismunun ólöglega.

Áhættumat váttryggingafélaga er efnahagslega skilvirkt þar sem það gerir það að verkum að verð trygginga endurspeglar kostnaðinn við að veita þær. Öll tryggingafélög styðjast við eigin líkön þegar kemur að því að verðleggja áhættuna við að tryggja viðskiptavinum. Það skapar aðstæður fyrir virkt samkeppnisumhverfi sem er neytendum í hag en hegðun þeirra á váttryggingamarkaði ræðst að miklum hluta af verðsamunburði. Eðli málsins samkvæmt hafa váttryggingafélög því mestmegnis verið að keppa um viðskiptavinum með því að bjóða þeim sem hagstæðust iðgjöld.

Samkeppni um að bjóða sem hagstæðust iðgjöld hefur einnig jákvæð áhrif á hegðun viðskiptavina. Þeir stefna að því að fá sem hagstæðust iðgjöld og vilja þá vera tjónlausir. Tjónleysi er þannig hvati fyrir þá til að sýna gætni og aðgát sem svo hefur jákvæð samfélagsleg áhrif. Þannig geta tryggingar leitt til þess að ökumenn gæti frekar að sér í umferðinni, að húseigendur séu meðvitaðri um brunavarnir og gæti að því að binda niður trampólín í bakgarðinum sínum þegar haustlægðirnar byrja að ganga yfir. Samkeppnin leiðir líka til þess að váttryggingafélög keppist sín á milli um að þróa leiðir til að tryggja hluti sem áður var ekki hægt að tryggja.

## Staða neytenda á íslenskum tryggingamarkaði

Staða neytenda gagnvart váttryggingafélögum styrktist til muna þegar lögum um váttryggingasamninga var breytt árið 2015. Með breytingunum varð einstaklingum og öðrum váttryggingatökum heimilt að segja upp váttryggingarsamningi með mánaðar fyrirvara sem byrjar að líða næstu mánaðarmót eftir að uppsögn var send til váttryggingafélags. Áður þurfti að bíða í heilt ár eftir „glugga“ til að segja upp samningnum en samningar framlengdu þá um eitt ár væri þeim ekki sagt upp a.m.k. mánuði áður en þeir runnu út. Þetta hefur aukið



hreyfanleika viðskiptavina tryggingafélaganna til muna þar sem þeir geta auðveldlega leitað tilboða í tryggingar sínar reglulega og tryggt með því virka samkeppni sér til hagsbóta.

Auk þess fól innleiðing Solvency II tilskipunarinnar í sér aukna neytendavernd. Innleiðingin gat meðal annars af sér ný lög um váttryggingastarfsemi nr. 100/2016. Kröfur til fjármagns sem þarf að vera til staðar í váttryggingafélagi til að mæta óvæntum áföllum sem ekki er gert ráð fyrir í váttryggingaskuld váttryggingafélaga (gjaldþolskröfur) voru auknar sem og meiri krafa gerð til áhættustýringar en hvoru tveggja er ætlað að tryggja betur vernd neytenda og það sama á við um ákvæði tilskipunarinnar sem fela í sér greitt aðgengi neytenda að fjárhagslegum upplýsingum tryggingafélaga.

## Freistnivandi, váttryggingasvik og hrakval



Freistnivandi (e. moral hazard) getur einnig fylgt tryggingageiranum. Hann felst í því að hinn tryggði freistast til þess að haga sér ógætilega sökum þess að hann er tryggður. Þannig getur ökumaður á kaskótryggðri bifreið freistast til þess að aka óvarlega sökum þess að hann veit að tryggingafélagið ber áhættuna af því ef bifreiðin verður fyrir stórvægilegu tjóni. Þetta getur leitt til þess að váttryggingafélög greiði út hærri bætur en ella og það getur svo leitt til hærri iðgjalda. Váttryggingafélög leitast við að lágmarka áhættuna sem stafar af freistnivanda með váttryggingarskilmálum.

Váttryggingasvik eru alvarlegt þjóðfélagsmeið og eru oft stunduð í tengslum við skipulagða glæpastarfsemi. Erlendar rannsóknir meta kostnað vegna váttryggingasvika á bilinu 7-10% af greiddum bótum á ári hverju. Árið 2018 greiddu íslensku váttryggingafélögin tæpa 50 milljarða til viðskiptavina sinna. Sé miðað við áætlaða tíðni váttryggingasvika í nágrannalöndunum má gera ráð fyrir að um 10% greiddra tryggingabóta séu vegna váttryggingasvika. SFF hafa ekki vitneskju um fjölda svika hér á landi en ef tíðnin er sambærileg við það sem gerist í nágrannalöndum má gera ráð fyrir að váttryggingasvik nemi ekki undir 3 milljörðum króna á hverju ári hér á landi. Í könnun sem SFF lét gera árið 2011 kom fram að 14,2% aðspurðra vita um váttryggingasvik síðastliðna 12 mánuði og rennir það enn styrkari stoðum undir þá ágiskun að tíðni váttryggingasvika hér á landi sé í sambærilegu hlutfalli við það sem gerist í nágrannalöndum okkar.

## Tjónagrunnur váttryggingafélaganna

Í ársbyrjun 2019 var svokallaður tjónagrunnur tekinn í notkun hér á landi. Hann er áhrifaríkt tól í baráttunni gegn skipulögðum tryggingasvikum. Slík mál hafa komið upp að undanförnunni í rannsóknum á brotum skipulagðra glæpahópa hér á landi. Að mati lögreglu þá hafa þessir hópar áttað sig á því að hér á landi sé tiltölulega auðvelt að svikja út bætur. Sé miðað við áætlaða tíðni tryggingasvika í nágrannalöndum má gera ráð fyrir að slík svik hér á landi geti numið allt að nokkrum milljörðum króna á ári en erfitt er að fullyrða nákvæmlega um um-

fangið. Svik sem þessi leiða þó ótvírætt til hárra og óréttmætra útgjalda tryggingafélaga og ber almenningur þannig óbeint skaðann af þessari brotastarfsemi.

Heimildir tryggingafélaganna til að rannsaka og koma upp um tryggingasvik eru mjög takmarkaðar og því verður grunnurinn mikilvægt verkfæri til að greina óvenjulegar tjónstilkynningar. Á meðal þess sem hægt er að sjá í tjónagrunninum er hvort sama tjón hafi fengist greitt út hjá fleiru en einu tryggingafélagi, en slíkt flokkast sem fjársvik ef ekki er um réttmætar ástæður að ræða.

Í grunninn eru skráð þau tjón sem tilkynnt eru til tryggingafélaganna að undanskildum tjónum sem falla undir líf- og sjúkdómatryggingar. Samtök fjármálafyrirtækja eru rekstraraðili tjónagrunnsins samkvæmt heimild frá Persónuvernd en fyrirtækið Creditinfo er vinnsluaðili grunnins. Þær upplýsingar sem eru skráðar í grunninn eru kennitala tjónþola, númer máls, tegund tryggingar, tegund tjóns, dagsetning tjóns, dagsetning skráningar í grunninn, nafn viðkomandi váttryggingarfélags, staðsetning tjóns og númer hins tryggða, svo sem ef um er að ræða ökutæki.

Réttindi þeirra sem skráðir eru í grunninn eru tryggð og getur fólk fengið aðgang að yfirliti yfir uppflettingar um sig í grunninum í gegnum þjónustuvef Creditinfo. Hægt er að gera athugasemdir við uppflettingar, krefjast leiðréttingar á upplýsingum séu þær ekki réttar eða jafnvel eyðingar upplýsinganna ef mál-efnalegar ástæður liggja að baki.

Eins og þeir sem fylgjast með fréttum vita þá er áhættan sem fylgir rekstri váttryggingafélaga breytileg frá einum tíma til annars. Þannig hefur til að mynda verið mikið um stórbruna á Íslandi undanfarin misseri og þar af leiðandi hafa tryggingafélögin þurft að greiða út háar bætur vegna þess mikla tjóns sem eldsvoðarnir ollu. Þetta þýðir að iðgjöld vegna einstakra váttryggingagreina geta sveiflast til þess að viðkomandi váttryggingafélag eigi borð fyrir báru þegar óvenju illa árar og mikið er um tjón.

Váttryggingafélög þurfa að horfa til hrakvals þegar kemur að ákvörðun iðgjalda og útfærslu á váttryggingasamningnum. Hrakvalið felst í því að einstaklingar sem eru í meiri áhættu á að verða fyrir tjóni séu líklegri til þess að tryggja sig fyrir því. Dæmi um þetta má finna í líf- og sjúkdómatryggingum. Ef váttryggingafélagið býður til að mynda reykingamönnum og þeim sem ekki reykja líftryggingu á sama verði má gera ráð fyrir að þeir fyrrnefndu fái mun hagstæðari kjör. Þetta mun líka leiða til þess að váttryggingafélagið þurfi að greiða út hærri bætur en ella þar sem lífslíkur reykingamanna eru almennt styttri en þeirra sem ekki reykja. Til þess að koma í veg fyrir slíkt hrakval þurfa váttryggingafélög að laga iðgjöld og tryggingasamninga að þessari áhættu.

## Hver tryggir váttryggingafélögin?

Váttryggingar snúast um að tryggja sig gegn áhættu. Augljóst er að hefðbundin váttryggingafélög sem eru frumtryggingafélög taka mikla áhættu í rekstri sínum en að sama





skapi er þeim stýrt þannig að ekki er mikil áhætta á að tjón verði svo mikið að það ógni rekstri þeirra.

Til þess að verja sig gegn of mikilli áhættu tryggja frumtryggingafélög sig hjá svokölluðum endurtryggingafélögum en það eru oftast stór alþjóðleg fyrirtæki sem veita þjónustu sína um heim allan. Endurtryggjendur fá til sín hlut iðgjalda frumtryggingafélaganna og taka þátt í að bæta tjón frumtryggingafélags ef fjárhæð tjóns fer sem dæmi yfir tiltekna fjárhæð. Frumtryggingfélagið bætir þá til að mynda fyrstu 300 milljónir tjónsins og ef tjónið nemur hærri fjárhæð en það þá tekur endurtryggingafélagið við og greiðir það sem er umfram.

## Hvað er hægt að tryggja?

Til að váttryggingafélag geti selt tryggingar gagnvart áhættu þurfa veigamikil skilyrði að vera uppfyllt.

Í fyrsta lagi þarf að vera hægt að skilgreina áhættuna og mögulegt fjárhagslegt tjón vegna hennar þarf að vera mælanlegt. Þetta er einfalt þegar kemur að tryggingum á borð við ökutækjatrýggingar og líftryggingar.

Í öðru lagi þarf áhættan að vera handahófskennd og sérstæð. Það er ógjörningur að tryggja fyrirsjáanlega atburði þar sem engum líkindum eða áhættu er hægt að skipta. Það er nauðsynleg forsenda þess að hægt sé að tryggja sig gegn atburði að óvissa ríki um hvort hann muni eiga sér stað eða ekki og að það sé ekki á valdi þess sem tryggir sig hvort atburðurinn verður – ef svo væri myndi skapast freistnivandi. Í þessu samhengi er hægt að benda á þá staðreynd að dauðinn er fyrirsjáanlegur atburður í lífi hvers og eins en samt sem áður er hægt að kaupa sér líftryggingu sem gildir fram að ákveðnum lífaldri sem oftast er 70 ár. En þrátt fyrir að enginn megi sköpum renna er ekki vitað hvenær dauðann ber að garði og þar af leiðandi ganga líftryggingar upp.



Í þriðja lagi þurfa raunverulegir hagsmunir að vera að baki váttryggingu. Þetta þýðir í raun og veru að sá váttryggði þarf raunverulega að bera skaða ef atburður virkjar skilmála tryggingarinnar. Með öðrum orðum þá getur einstaklingur ekki tryggt hús eða bifreið annars fólks og tilnefnt sjálfan sig sem váttryggðan, ef hann verður sjálfur ekki fyrir tjóni við atburðinn.

Í fjórða lagi þarf að reikna út raunhæft iðgjald vegna trygginganna. Váttryggingafélögin þurfa að innheimta iðgjöld sem duga til að standa straum af mögulegu tjóni auk annars kostnaðar. Að sama skapi þurfa iðgjöldin að vera lægri en verðmæti þess sem er tryggt. Ef ekki væri ekkert vit í að kaupa sér tryggingu.

Í fimmta lagi þarf að vera hægt að reikna út líkurnar á því að óhapp sem tryggt er fyrir eigi sér stað. Söguleg gögn og aðrar greiningar skipta sköpum þegar kemur að þessu.

Í sjötta lagi þarf að vera hægt að takmarka áhættuna af því að tjón verði svo mikið að vá-

tryggingafélagið geti ekki greitt bætunarnar. Hvað þetta varðar skiptir starf endurtryggingafélaga miklu máli.

## Íslenski váttryggingamarkaðurinn

Tegundarflokkun eigna váttryggingafélaga	Árslok 2018
Ríkisskuldabréf	26.086.040.457
Fyrirtækjaskuldabréf	20.601.435.197
Hlutabréf	32.186.891.100
Sjóðir/fyrirtæki um sameiginlega fjárfestingu	24.486.493.419
Verðbréfavafningar	113.443.862
Lausafé og innstæður	5.810.358.400
Veðlán og önnur útlán	2.817.456.706
Fasteignir	1.734.399.514
Aðrar fjárfestingar	—
<b>SAMTALS</b>	<b>113.836.518.655</b>


Ath.: Fjárfestingar með fjárfestingaáhættu líftryggingataka eru undanskildar í yfirlitinu.

Staða íslensku váttryggingafélaganna er sterk um þessar mundir og þau eru vel í stakk búin til að sinna grundvallarhlutverki sínu á fjármálamarkaði: að dreifa áhættu í hagkerfinu ásamt því að vera mikilvæg tannhjól í gangvirki efnahagskerfisins þegar kemur að fjárfestingum og að halda uppi virkni á verðbréfamörkuðum. Eins og staðan er í dag er fjárfestingastarfsemi veigamikill þáttur í starfsemi váttryggingafélaga en lög um váttryggingastarfsemi tiltaka hvaða aðra starfsemi félögin mega stunda og eru þeim settar töluverðar skorður í þeim efnum.

Árið 2018 dró úr hagnaði íslensku váttryggingafélaganna og samanlagður hagnaður þeirra var um 4,6 milljarðar en hafði verið 7,5 milljarðar árið á undan. Helsta ástæðan fyrir verri afkomu er að tjónin jukust mikið á milli ára, eða sem nemur um 14%, en á sama tíma hækkðu iðgjöld aðeins um 5% á milli ára. Þá drógust tekjur vegna fjárfestingastarfsemi saman á milli ára.


Þrátt fyrir að afkoman hafi versnað á milli ára er það til marks um traustan rekstur váttryggingafélaganna að hið svokallaða samsetta hlutfall hefur lækkað hratt og örugglega á undanförunum árum. Samsetta hlutfallið er aðalkennitala eða mælikvarði á afkomu váttryggingafélaga af váttryggingarekstri en það samanstendur af tjónakostnaði, endurtryggingakostnaði og rekstrarkostnaði váttryggingafélaga sem hlutfall af iðgjöldum. Ef samsett hlutfall er hærra en 100% þá er rekstrar-, tjóna-, og endurtryggingakostnaður hærri en iðgjöld viðkomandi tryggingafélags. Á undanförunum árum hefur samsetta hlutfallið lækkað. Þannig var það að meðaltali 103,6% árið 2015 en útkoma ársins 2018 um 98% samkvæmt ársreikningum váttryggingafélaganna.

Á sama tíma endurspeglar gjaldþolshlutfall váttryggingafélaganna einnig trausta stöðu og styrk til þess að mæta áföllum í rekstri. Gjaldþol er það fjármagn sem váttrygginga-



Brunatryggingar  
Slysa  
Ábyrgðar  
Vöru  
Ferðaslysa  
Farangurs  
Heimilis  
Iunbús  
Skípa  
Afla  
Veðarlæra  
Glertryggingar

**TRYGGINGAFÉLAGIÐ HEIMIR HF.**  
LINDARGATA 9 REYKJAVÍK SUÐAR, 2222 2100 SMIRNI, SURET



félag þarf að hafa tiltækt til að mæta óvæntum áföllum sem ekki er gert ráð fyrir í vátryggingaskuld þess. Gjaldþol er í raun allt það eigið fé sem uppfyllir ákveðin skilyrði um aðgengileika. Áhættumiðaðar gjaldþolskröfur fela í sér að áhættusækni og áhættu- stýring vátryggingafélaga endurspeglast í gjaldþolskröfunni.

Í fyrra var gjaldþolshlutfall vátryggingafélaganna 1,6 að meðaltali en það telst vera ákaflega sterkt í evrópsku samhengi. Samanlagðar eignir vátryggingafélaganna á Íslandi námu 147 milljörðum við árslok 2018 og lækkuðu þær lítillega á árinu. Alls námu eignir vátryggingafélaganna umfram skuldbindingar ríflega 48 milljörðum króna við árslok 2018. Þegar horft er til tegundaflokkunar eigna vátryggingafélaganna sést að eignasafn þeirra er íhaldssamt og traust.


Tæplega helmingur eignanna er bundinn í ríkisskuldabréfum og fyrirtækjaskulda- bréfum. Þá er um þriðjungur bundinn í sjóðum eða fyrirtækjum sem eru rekin um sam- eiginlegar fjárfestingar. Um 30 milljarðar af um 113 milljörðum eru bundnir í hluta- bréfum fyrirtækja.

## Þróun vátryggingagreina 2009 til 2018

Heildariðgjöld sem vátryggingafélögin innheimtu árið 2018 vegna skaðatrygginga námu tæpum 60 milljörðum króna árið 2018. Að sama skapi greiddu félögin út tæpa 50 milljarða vegna tjóna á því ári. Frá árinu 2016 hafa vátryggingafélögin verið að greiða á bilinu 40 til 50 milljarða í bætur til viðskiptavina sinna vegna tjóna á ári hverju.

### Afkoma af tryggingastarfsemi 2009 til 2018.


Sjá nánar í töflum í viðauka á síðum 20-21.





**Afkoma af tryggingastarfsemi eftir starfspáttum, 2009 til 2018.**

Sjá nánar í töflum í viðauka á síðum 20-21.




Þróun á tjónaupphæðinni ræðst ekki eingöngu af fjölda og alvarleika tjóna. Einnig eru greidd út tjón vegna slysa á fólki og ræðst þá tjónaupphæðin meðal annars af skertri starfsgetu og þeim tíma sem hinn slasaði er frá vinnu.

Veigamesti tryggingaflokkurinn eru ökutækjatrýggingar en heildariðgjöld vegna frjálsra og lögboðinna ökutækjatrýgginga námu um 34 milljörðum árið 2018 eða sem nemur ríflega helmingi af heildariðgjöldum. Tjón vegna ökutækjatrýgginga námu aftur á móti 28,5 milljörðum. Afkoma váttryggingafélaganna af ökutækjatrýggingum í fyrra nam 1,4 milljörðum en 2017 var fyrsta árið frá árinu 2013 sem skilaði hagnaði af ökutækjatrýggingum. Á árunum frá 2014 til 2016 nam tap af ökutækjatrýggingum 1,6 milljarði.

Heildartjón vegna ökutækjatrýgginga nam eins og fyrr segir 28,5 milljörðum árið 2018. Tjón vegna þessa tryggingaflokks hafa aukist mikið á undanförunum árum en ástæður





### Þróun umferðarslysa

Heimild: Samgöngustofa

	2018	2017	2016	2015	2014	2013	2012	2011
<b>Banaslys</b>	15	13	18	16	3	14	9	12
<b>Alvarleg slys</b>	155	156	183	155	161	160	115	145
<b>Minniháttar slys</b>	868	783	785	741	644	648	618	692
<b>Óhöpp án meiðsla</b>	6.314	5.870	5.801	5.500	5.193	5.011	4.810	5.215
<b>Samtals</b>	<b>7.352</b>	<b>6.822</b>	<b>6.787</b>	<b>6.412</b>	<b>6.001</b>	<b>5.833</b>	<b>5.552</b>	<b>6.064</b>
<b>Fjöldi slasaðra</b>		1.387	1.429	1.324	1.172	1.232	1.044	1.229

Þess má meðal annars rekja til aukins umferðarþunga vegna fjölgunar ferðamanna og versnandi ástands vegakerfisins. Árið 2012 námu tjón vátryggingafélaganna vegna umferðarslysa um 17 milljörðum og hafa því tjón aukist um 40% á þessu tímabili.

Iðgjöld sem vátryggingafélögin innheimta hafa hækkað um 70% á árunum 2009 til 2018. Ýmsar ástæður eru fyrir því. Til að mynda hefur orðið veruleg aukning tjóna en kostnaður hefur jafnframt aukist m.a. vegna laukahækkana og þar af leiðandi hærri bóta vegna slysa. Launavísitalan hækkaði um 76% á tímabilinu en á sama tíma hækkaði vísitala neysliverðs um 28,5%.

Minni sveiflur voru á öðrum flokkum vátryggingagreina á árunum 2009 til 2018 þegar horft er yfir sviðið í heild. En eðli margra þessara tryggingaflokka er þannig að einstakir viðburðir geta breytt afkomunni mikið frá ári til árs.



## VIÐAUKI

### Starfsþáttayfirlit skaðatryggingafélaganna, 2009 til 2018

2009	Eignatryggingar	Sjó-, flug- og farmtryggingar	Ökutækja-tryggingar	Ábyrgðar-tryggingar	Slysa- og sjúkratryggingar	Skaðatryggingar	Skaðatryggingar	Breyting
						samtals 2009	samtals 2008	
Eigin iðgjöld	8.091.386	1.716.233	19.999.196	1.985.330	4.366.664	36.158.809	—	—
Eigin tjón	-6.075.784	-1.718.968	-17.068.628	-2.263.139	-4.303.218	-31.429.737	—	—
Rekstrarkostnaður	-1.705.379	-392.66	-3.887.837	-529.854	-815.537	-7.331.273	—	—
Fjármunatekjur og aðrar tekjur	557.029	171.668	2.901.864	526.020	869.564	5.026.145	—	—
Afkoma af tryggingastarfsemi	760.695	-228.634	1.651.425	-279.499	108.871	2.012.858	—	—

2010	Eignatryggingar	Sjó-, flug- og farmtryggingar	Ökutækja-tryggingar	Ábyrgðar-tryggingar	Slysa- og sjúkratryggingar	Skaðatryggingar	Skaðatryggingar	Breyting
						samtals 2010	samtals 2009	
Eigin iðgjöld	8.877.493	2.141.978	20.121.243	2.040.604	4.696.124	37.877.442	36.158.809	5%
Eigin tjón	-6.132.721	-1.219.303	-16.194.780	-2.050.216	-4.246.532	-29.843.552	-31.429.737	-5%
Rekstrarkostnaður	-1.997.351	-425.825	-4.249.319	-539.322	-897.362	-8.109.179	-7.331.273	11%
Fjármunatekjur og aðrar tekjur	353.843	103.104	1.707.325	399.428	624.523	3.188.223	5.026.145	-37%
Afkoma af tryggingastarfsemi	997.027	599.954	1.152.343	-153.353	165.034	2.761.005	2.012.858	37%

2011	Eignatryggingar	Sjó-, flug- og farmtryggingar	Ökutækja-tryggingar	Ábyrgðar-tryggingar	Slysa- og sjúkratryggingar	Skaðatryggingar	Skaðatryggingar	Breyting
						samtals 2011	samtals 2010	
Eigin iðgjöld	9.228.421	2.184.810	20.174.228	2.262.177	5.073.811	38.923.447	37.877.442	3%
Eigin tjón	-5.825.264	-1.782.361	-16.249.346	-2.008.509	-4.517.643	-30.383.123	-29.843.552	2%
Rekstrarkostnaður	-2.115.738	-506.074	-4.450.684	-622.814	-1.085.119	-8.780.429	-8.109.179	8%
Fjármunatekjur og aðrar tekjur	487.994	171.632	2.249.880	427.362	628.190	3.965.058	3.188.223	24%
Afkoma af tryggingastarfsemi	1.674.474	68.393	1.492.695	305.273	252.745	3.793.580	2.761.005	37%

2012	Eignatryggingar	Sjó-, flug- og farmtryggingar	Ökutækja-tryggingar	Ábyrgðar-tryggingar	Slysa- og sjúkratryggingar	Skaðatryggingar	Skaðatryggingar	Breyting
						samtals 2012	samtals 2011	
Eigin iðgjöld	10.021.958	2.283.148	20.933.745	2.494.675	5.359.786	41.093.312	38.923.447	6%
Eigin tjón	-5.628.636	-1.586.434	-15.944.976	-1.950.467	-4.608.162	-29.718.675	-30.383.123	-2%
Rekstrarkostnaður	-2.371.494	-525.984	-4.835.517	-663.320	-1.101.517	-9.497.832	-8.780.429	8%
Fjármunatekjur og aðrar tekjur	466.018	98.059	1.889.240	427.362	628.190	3.501.638	3.965.058	-12%
Afkoma af tryggingastarfsemi	2.387.371	162.692	1.857.239	305.273	252.745	4.965.320	3.793.580	31%

2013	Eignatryggingar	Sjó-, flug- og farmtryggingar	Ökutækja-tryggingar	Ábyrgðar-tryggingar	Slysa- og sjúkratryggingar	Skaðatryggingar	Skaðatryggingar	Breyting
						samtals 2013	samtals 2012	
Eigin iðgjöld	9.793.720	3.506.261	21.339.648	2.555.515	5.520.525	42.715.669	41.093.312	4%
Eigin tjón	-5.185.029	-2.104.091	-15.931.123	-2.085.041	-4.862.947	-30.168.231	-29.718.675	2%
Rekstrarkostnaður	-2.232.746	-557.514	-5067225	-514143	-1313982	-9.685.610	-9.497.832	2%
Fjármunatekjur og aðrar tekjur	466.018	104.190	1.551.026	4.186	8.436	2.133.856	3.501.638	-39%
Afkoma af tryggingastarfsemi	2.707.496	62.469	1.540.593	-74.716	-475.242	3.760.600	4.965.320	-24%

Allar upphæðir eru í þúsundum króna.

2014	Eignatryggingar	Sjó-, flug- og farmtryggingar	Ökutækja-tryggingar	Ábyrgðar-tryggingar	Slysa- og sjúkratryggingar	Skaðatryggingar samtals 2014	Skaðatryggingar samtals 2013	Breyting
Eigin iðgjöld	9.895.132	2.849.333	21.774.258	2.310.031	4.934.172	41.762.926	42.715.669	-2%
Eigin tjón	-6.746.391	-1.992.483	-17.767.437	-1.859.239	-3.740.342	-32.105.892	-30.168.231	6%
Rekstrarkostnaður	-2.280.071	-637.456	-4.977.868	-496.446	-1.254.103	-9.645.944	-9.685.610	0%
Fjármunatekjur og aðrar tekjur	324.468	48.278	1.376.588	331.316	423.677	2.504.327	2.133.856	17%
Afkoma af tryggingastarfsemi	1.065.005	267.672	56.490	281.894	331.236	2.002.297	3.760.600	-47%

2015	Eignatryggingar	Sjó-, flug- og farmtryggingar	Ökutækja-tryggingar	Ábyrgðar-tryggingar	Slysa- og sjúkratryggingar	Skaðatryggingar samtals 2015	Skaðatryggingar samtals 2014	Breyting
Eigin iðgjöld	10.021.719	3.967.198	23.151.966	2.431.799	5.370.490	44.943.172	41.762.926	8%
Eigin tjón	-7.060.374	-3.127.646	-20.405.449	-1.691.916	-4.472.109	-30.502.202	-32.105.892	-5%
Rekstrarkostnaður	-2.180.258	-153.782	-5.097.259	-525.943	-1.191.711	-8.841.389	-9.645.944	-8%
Fjármunatekjur og aðrar tekjur	449.515	166.798	1.671.602	4.186	8.436	2.300.537	2.504.327	-8%
Afkoma af tryggingastarfsemi	1.069.187	729.256	-1.009.890	316.971	197.110	1.302.634	2.002.297	-35%


2016	Eignatryggingar	Sjó-, flug- og farmtryggingar	Ökutækja-tryggingar	Ábyrgðar-tryggingar	Slysa- og sjúkratryggingar	Skaðatryggingar samtals 2016	Skaðatryggingar samtals 2015	Breyting
Eigin iðgjöld	11.003.907	3.285.843	26.606.995	2.847.973	5.925.626	49.670.344	44.943.172	11%
Eigin tjón	-7.651.799	-1.964.300	-23.043.284	-2.751.239	-5.558.236	-40.968.858	-30.502.202	34%
Rekstrarkostnaður	-2.917.048	-786.409	-5.523.651	-672.933	-1.213.075	-11.113.116	-8.841.389	26%
Fjármunatekjur og aðrar tekjur	396.500	113.575	1.673.215	908.096	528.808	3.620.194	2.300.537	57%
Afkoma af tryggingastarfsemi	831.560	648.709	-676.846	331.897	-316.877	818.443	1.302.634	-37%

2017	Eignatryggingar	Sjó-, flug- og farmtryggingar	Ökutækja-tryggingar	Ábyrgðar-tryggingar	Slysa- og sjúkratryggingar	Skaðatryggingar samtals 2017	Skaðatryggingar samtals 2016	Breyting
Eigin iðgjöld	11.773.336	5.252.124	30.788.877	3.173.795	6.065.233	57.053.365	49.670.344	15%
Eigin tjón	-7.481.299	-3.445.290	-24.999.963	-1.763.960	-5.261.669	-42.952.181	-40.968.858	5%
Rekstrarkostnaður	-3.080.609	-1.318.394	-6.004.521	-1.412.871	-1.230.273	-13.046.668	-11.113.116	17%
Fjármunatekjur og aðrar tekjur	440.172	148.565	1.876.417	419.191	628.875	3.513.220	3.620.194	-3%
Afkoma af tryggingastarfsemi	1.651.600	637.005	1.660.810	416.155	202.166	4.567.736	818.443	458%

2018	Eignatryggingar	Sjó-, flug- og farmtryggingar	Ökutækja-tryggingar	Ábyrgðar-tryggingar	Slysa- og sjúkratryggingar	Skaðatryggingar samtals 2018	Skaðatryggingar samtals 2017	Breyting
Eigin iðgjöld	12.501.007	2.695.751	34.396.709	3.624.101	6.774.330	59.991.898	57.053.365	5%
Eigin tjón	-10.157.722	-2.256.568	-28.531.264	-2.588.648	-5.397.788	-48.931.990	-42.952.181	14%
Rekstrarkostnaður	-2.883.623	-576.020	-5.715.921	-630.736	-1.267.369	-11.073.669	-13.046.668	-15%
Fjármunatekjur og aðrar tekjur	329.238	48.726	1.160.815	323.468	471.259	2.333.506	3.513.220	-34%
Afkoma af tryggingastarfsemi	-5.951	-83.341	1.444.517	496.520	716.200	2.567.945	4.567.736	-44%







**HNOTSKURN**

RITRÖÐ SFF

[www.sff.is](http://www.sff.is)